



**Velferðarráðuneytið
Kristján Júlíusson, heibrigðisráðherra
Hafnarhúsi við Tryggvagötu
150 Reykjavík**

Reykjavík, 4.08.2015

Efni: Uppsöfnun náttúrulegra geislavirkra efna

Ágæti ráðherra,

Geislavörnum þykir rétt að upplýsa þig um að orðið hefur vart uppsöfnunar náttúrulegra geislavirkra efna í útfellingum í rörum við nokkrar öflugar borholur HS Orku við Reykjanesvirkjun.


Náttúruleg geislavirk efni eru í öllu umhverfi mannsins og í líkama hvers jarðarbúa. Lítið er af þessum efnum á Íslandi miðað við það sem er annarstaðar á Norðurlöndum vegna þess að ríkjandi bergtegund hér er basalt en ekki granít eins og þar er.

Uppsöfnun þessara efna er vel þekkt í olíu- og gasiðnaði erlendis sem og við hagnýtingu jarðhita. Um geislavarnir vegna þeirra gilda sömu viðmið og hvað varðar önnur geislavirk efni.

Nú hefur í fyrsta sinn orðið vart slíkrar uppsöfnunar hér á landi og er það í útfellingum í rörum við nokkrar öflugustu borholur HS Orku við Reykjanesvirkjun. Geislunin frá efnunum er mjög orkulítil og stöðvast í nokkrum sentimetrum lofts.

Geislavarnir eru að kortlegga uppsöfnunina og vinna að málinu í góðu samstarfi við HS Orku. Undirritaður hefur einnig haft samráð við sérfræðinga norrænna geislavarnastofnana sem og Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar um málið.

Geislavarnir munu fylgja málinu á eftir og sérfræðingar stofnunarinnar verða viðstaddir næstu hreinsum útfellinga úr rörunum. HS Orka metur að árlegar útfellingar séu innan við 0,5 rúmmetra. Geislavarnir upplýstu ráðuneytið um málið á samráðsfundi í apríl svo og um framvindu þess á fundum í júní og júlí.

Virðingarfyllst,
f.h. Geislavarna ríkisins,

Sigurður M. Magnússon
forstjóri